

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða aukarjettardómi skal óraskað, þó þannig að hegning ákærða Jóns Jónssonar færist niður í 12 mánaða betrunarhússvinnu. Hinum ákærða ber að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Páls Briem, 10 kr. til hvors þeirra. Ídæmd iðgjöld lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa, og dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 11/1888.

Rjettvisin

gegn

Jóhannesi Pálssyni,

Guðmundi Pálssyni og

Elisabetu Snorradóttur.

D ó m u r :

Með dómi, kveðnum upp í aukarjetti Reykjavíkur kaupstaðar 16. dag febrúarmán. þ. á., voru hinir ákærðu, Jóhannes Pálsson og Guðmundur Pálsson, dæmdir fyrir að hafa lagt eld í hús nefnds Jóhannesar Pálssonar hjer í bænum, Jóhannes til tveggja ára, en Guðmundur til eins árs betrunarhússvinnu, og Elisabet Snorradóttir, kona Jóhannesar, fyrir að hafa verið í ráðum og undirbúningi með þeim að þessu verki, til að sæta fangelsi við vatn og braud í 4×5 daga. Svo voru hin ákærðu og dæmd til að

greiða allan af sökinni og varðhaldi sínu löglega leiðandi kostnað, öll fyrir eitt og eitt fyrir öll, nema hvað Jóhannes einn skyldi greiða málsvarnarlaun til verjanda síns í hjerði, Guðlaugs málaflutningsmanns Guðmundssonar, 6 krónur, en verjandi hinna tveggja hafði afsalað sjer málsvarnarlaunum.

Samkvæmt játningu hinna ákærðu og öðrum skýrslum í málinu eru málsatvik þessi.

Hús það er hjer um ræðir, er hinn ákærði Jóhannes Pálsson hefur byggt, hafði hann veðsett Hákon bónda Eyjólfssyni á Stafnesi með 1. veðrjetti fyrir 1200 kr. láni. Í fyrra vetur var lán þetta komið í gjalddaga, og fól Hákon því manni að innheimta það og selja húsið, ef skuldunautur ekki greiddi skuldina. Jóhannes gat ekki borgað skuldina, og heldur ekki tókst honum að fá annarstaðar lán til þess nje heldur veð fyrir peningaláni, er hann þykist hafa reynt til. — En hann fjekk hjá lánardrottni sínum nokkurn frest á greiðslunni, með því að telja honum trú um, að hann innan skamms gæti selt húsið, og sagði hann einnig öðrum frá hinu sama, og nafngreindi Jón Jónsson nokkurn í Eyjafjardarsýslu sem kaupanda. Þessa sögu um kaupanda að húsinu kveðst hann hafa búið til í þeim tilgangi með því að útvega sjer umliðun á skuldinni, og taldi hann meðákærða Guðmund bróður sinn til að skrifa sjer brjef í nafni Jóns Jónssonar frá Akureyri um þessi húsakaup, er hann ætlaði að nota til sannindamerkis, en þó ekki gjörði. Með því hann nú eptir því sem tíminn leið varð úrkula vonar um, að hann gæti selt húsið eða staðið í skilum við Hákon, og þóttist vita, að upp mundi komast um hann ósannindin með

kaupandann, ásetti hann sjer, til þess að komast hjá þessu, að brenna húsið. Hann sagði engum frá þessu áformi sínu fyr en um haustið; þá sagði hann meðákærða Guðmundi bróður sínum frá því, svo og konu sinni, meðákærðu Elísabetu Snorradóttur. — Guðmundur vildi ekki bendla sig neitt við það, og reyndi til þess að koma sjer niður annarstaðar, svo að ekki þyrfti hann að vera neitt flæktur við þetta áformada verk Jóhannesar. En honum tókst ekki að koma sjer fyrir, og svo fór á endanum, að hann ljét Jóhannes telja sig á að vera með honum að brennunni. Einnig taldi hann konu sína, Elísabetu Snorradóttur, á að samþykkja fyrirætlun sína, þótt hún upphaflega væri því mótfallin, og teldi slíkt vitleysu eina. Nokkrum tíma áður en hin ákærðu urðu ásátt um að leggja eld í húsið, fluttu þau sig og allar eigur sínar úr því í bæ þar skammt frá, sem Jóhannes á, og þar að auki tók Jóhannes úr húsinu 3 hurðir og nokkrar þiljur, er hann ætlaði að nota í bæ sinn, sem ekki var alþúinn. Þetta hefur verið virt á 42 kr. Nú stóð húsið autt um tíma, og hinir ákærðu bræður komu sjer saman um að brenna húsið aðfaranóttina hins 11. nóvbr. f. á., og til þess að firra sig öllum grun, leyndust þeir 2 næstu dagana á undan heima í bænum með tilstyrk Elísabetar, er sagði þá farna upp í Borgarfjörð, og sem að beiðni manns síns hengdi tjöld fyrir gluggana í húsinu, til þess að ekki bæri á ikveikjunni fyr en í síðustu lög. Fóru þeir bræður, Jóhannes og Guðmundur, hina ákveðnu nótt um miðnætti niður í húsið og kveiktu í hrúgum úr mosa og smá-spítum, er þeir höfðu borið saman á 7 stöðum í húsinu; lagði Jóhannes kola-ikveikjur í sumar hrúg-

urnar, og í eða við eina þeirra lítilsháttar af púðri. 4—6 lóð, og gjörði hann það í þeim tilgangi að sem fyrst kviknaði í húsinu. Um púðrið vissi Guðmundur ekki, og Jóhannes hefur borið, að honum ekki hafi komið til hugar að manntjón gæti af hlotizt, eða að öðrum húsum með því væri stofnað í hættu. Þegar þeir höfðu kveikt í hrúgunum, læstu þeir húsinu, og lögðu í skyndi á stað frá bænum upp í Borgarfjörð. Á 3. tímanum um nóttina urðu menn varir við brunann og var hann slökktur viðstöðulitið. Skemmdirnar á húsinu hafa verið metnar kr. 165,50 (ekki 167 kr. 50 a.). Húsið var váttryggt fyrir eldsvoða fyrir 2900 kr. Hinn ákærði Jóhannes hefur stöðugt borið, að honum hafi ekki komið til hugar með þessu atferli sínu að svíkja brunabóta-ábyrgðina, því hann hafi vitað, að brunabótafjenu skyldi verja til að byggja húsið upp að nýju, og af því hafi hann engan hag getað haft, með því að húsið hafi verið að veði fyrir svo miklu tje, að hið nýja hús ekki hefði verið meira virði; hann hafi ekki ætlað að ábatast á því að öðru leyti en því, að fjenýta sjer hurðir þær og þiljur, er hann tók úr húsinu, og þennan framburð hans verður að taka til greina, af því ekkert er komið fram í málinu, er geti hnekkt honum.

Í húsi því, sem hin ákærðu ætluðu að brenna, bjó enginn; það er nokkuð afskekkt; veggirnir eru úr steini og þakið úr járni; er því lítt hugsanlegt, að eldurinn, þótt húsið hefði brunnið upp, hefði getað útbreiðzt til annara húsa, einkum þar eð vedrið var stillt um nóttina.

Atbrot hinna ákærðu, sem eru komin yfir lögdur sakamanna, og ekki áður hefur verið hegnt fyrir

neinn glæp, hefur hjeradsdómarinn með rjettu heimfært, að því kemur til hins ákærða Jóhannesar, undir 283. gr. 2. málsgr., 48. gr. 1. málsgr. og 53. gr. 1. málsgr., sbr. við 283. gr. 2. málsgr. hinna almennu hegningarlaga, og virðist hegning sú, sem hann samkvæmt tilvitnuðum lagagreinum hefur til unnið, hæfilega metin af hjeradsdómaranum 2 ára betrunarhússvinna; að því kemur til hins ákærða Guðmundar, undir 48. gr. 1. málsgr. og 283. gr. 2. málsgr. og hliðsjón höfð af 59. gr. hegningarlaganna, og er hegning hans hæfilega ákveðin 1 árs betrunarhússvinna; að því snertir hina ákærðu, Elísabetu Snorradóttur, undir 49. gr., 283. gr. 2. málsgr. og 57. gr. hegningarlaganna, og virðist einnig hegning hennar hæfilega metin 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo fellst yfirdómurinn og á ákvæði undirdómsins um málskostnað. Hinum ákærðu ber að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, einu fyrir öll og öllum fyrir eitt, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 15 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeradi hefur verið vítalaus, og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Hin ákærðu, Jóhannes Pálsson, Guðmundur Pálsson og Elísabet Snorradóttir, eiga öll fyrir eitt og eitt fyrir öll að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svaramanns þeirra

fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Páls Briem og Guðlaugs Guðmundssonar, 15 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 59/1887.

Sveinn Sveinsson
vegna trjesmiðafjelagsins
í Reykjavík
gegn
Gunnari Gunnarssyni.

Dómur:

Vorið 1886 seldi Einar prentari Þórðarson húseign sína í Reykjavík 6 trjesmiðum samastaðar, og er afsalsbrjefið dagsett 18. maímán. nefnt ár. Kaupverðið var ákveðið 6000 kr., og áttu kaupendurnir að greiða það sumpart með því, að leysa inn veðskuld til landsjóðsins, er hvíldi á húsinu, og sumpart með því, að veita seljandanum sómasamlega framfærslu til dauðadags, og sjá fyrir útför hans að honum látnum, svo og ala önn fyrir dóttur hans, meðan hún væri á ómaga-aldri. Haustið næst á eptir stofnuðu kaupendurnir, áminnztir 6 trjesmiðir, fjelag með sjer, er þeir nefndu „Trjesmiðafjlagið í Reykjavík“, og gengu þá enn nokkrir fleiri trjesmiðir í það. Hinn 9. nóvembermán. þá um haustið voru samþykktar nokkrar greinir, er áttu að gilda sem lög fyrir fjelagið fyrst um sinn, eða þangað til regluleg lög væru samin fyrir það. Var svo á fundi hinn 14. nóvembermán. næst á eptir samþykkt, að semja slík lög fyrir fjelagið, og 5 manna nefnd kosin til þess. Fje-